



# **Algild hönnun**

## **Aðgengilegt samfélag fyrir alla?**

Snæfríður Þóra Egilson

Nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu

5-6. júní 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# Yfirlit

- Algild hönnun, einkenni og áherslur
- Skilgreining á hugtökum og mismunandi stig algildrar hönnunar
- Lýðræðislegir möguleikar algildrar hönnunar
  - Hvernig mætum við þörfum ólíkra einstaklinga og hópa?
  - Þekking og nálgun af ólíkum toga



Staðan í nágrannalöndunum

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Snæfríður Þóra Egilsson



# Algild hönnun (Universal design)

- Uppruni hugtaksins í mannréttinda-hreyfingum í Bandaríkjunum
- Upphafismaðurinn, Michael Bednar, lýsti skilningi sínum á „hindranalaus“ umhverfi
- Markmið algildrar hönnunar er að skipuleggja og framleiða vörur, byggingar og umhverfi, og að hanna þjónustu þannig að það gagnist sem flestum og að sem mestu leyti.



# Lögfræðilegt og pólitískt hugtak

- Byggir á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í samfélaginu
- Mikil áhersla á tæknilega útfærslu algildrar hönnunar og aðgengileika í ýmsum geirum
- Nauðsynlegt að tengja hugtakið einnig við mannlegar aðstæður og eiginleika
  - Fötlun sem hluti af mannlegum margbreytileika



# Skilgreining á algildri hönnun

- Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks (2006)
  - „Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun.“ (2. gr., skilgreiningar)
- Global Universal Design Commission (2009) og Alþjóðaskýrslan um fötlun (2011)
  - **Ferli** sem stuðlar að notagildi, öryggi, heilsu og félagslegri þátttöku í gegnum hönnun and skipulag umhverfis, búnaðar og kerfa, svo að koma megi til móts við mannlegan margbreytileika og hæfni.
- Önnur skyld hugtök
  - Hönnun fyrir alla (e. design for all og inclusive design)
  - Aðgengi fyrir alla



# Samningur SP

## 9. gr., Aðgengi

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, samgöngum, upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té bæði í þéttbýli og dreifbýli.



## 9. gr. Aðgengi, frh.

Fyrirnefndar ráðstafanir, sem felast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til:

- a) Bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þ.m.t. skólar, íbúðarhúsnæði, heilbrigðisþjónusta og vinnustaðir
- b) Upplýsinga- og samskiptaþjónustu og annarrar þjónustu, þ.m.t. rafræn þjónusta og neyðarþjónusta.



# Tengslaskilningur á fötlun

- Tengslaskilningur á vaxandi fylgi að fagna og sést m.a. í Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og Alþjóðaskýrslunni um fötlun
  - Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, **þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi**, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli
- Fötlun verður til í samspili einstaklings og umhverfis
  - Fötlun er afstæð og háð aðstæðum



# Aðgengismenning

- Með auknum skilningi og viðurkenningu á mikilvægi aðgengis og með fjölbreytilegri úrræðum þá verður jafnframt auðveldara að gera ríkari kröfur um algilda hönnun og fylgja þeim eftir
- Brýnt að stuðla að “aðgengismenningu” (e. culture of accessibility)
  - Stuðla að aðgengileika í reynd með því að fylgja lögum og reglugerðum vel eftir
  - Stuðla að aukinni lýðræðisvitund
    - þekkingu, meðvitund og viðurkenningu á mikilvægi þess að vinna að hentugum og fjölbreyttum lausnum
  - Skapa forsendur fyrir samfélagsþátttöku fatlaðs fólks



*Það er sífellt verið að gera undanþágur fyrir nýjar byggingar, að hafa ekki lyftu. Þú veist, þetta er eins og að setja límmiða út í glugga og segja: „Við viljum ekki svertingja í þetta hús“. Það myndi allt tryllast yfir því.*

17 ára stúlka sem ferðast um í rafmagnshjólastól



# Sjö meginviðmið um algilda hönnun

1. Jafnræði og sanngirni  
að hönnunin sé gagnleg og henti öllum
2. Sveigjanleiki í notkun  
að komið sé til móts við mannlegan margbreytileika.
3. Einfaldleiki og gagnsæi
4. Skiljanleiki upplýsinga  
og nauðsynlegar upplýsingar tiltækar.
5. Svigrúm fyrir mistök  
og hætta á slysum eða óhöppum í lágmarki.
6. Takmörkuð áreynsla og fyrirhöfn  
að hægt sé að nýta hönnunina á áhrifaríkan og þægilegan hátt

7. Stærð og rými



# Lýðræðislegir möguleikar algildrar hönnunar

- Áherslan er ekki á aðgengi fyrir fatlað fólk sérstaklega heldur að komið sé til móts við mannlegan margbreytileika
  - Fólk sem býr við mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir
  - Skerðing er hluti af þeim breytileika sem þarf að koma til móts við líkt og aðra eiginleika eða tímabil í lífi fólks, s.s. barnæsku og efri ár
- Gott aðgengi nýtist ekki eingöngu fötluðu fólki
- Vegna síhækkandi meðalaldurs er brýnt að huga að dæmigerðum öldrunarbreytingum sem kalla á gott aðgengi



# Ólíkar þarfir mismunandi hópa

- Fólk með hreyfihömlun
  - Fast slitlag, léttar hurðir, breið dyraop, gott rými. Aðgengileg bílastæði og salernisaðstaða
- Fólk með sjónskerðingu eða blindu
  - Rökrétt skipulag, skörp litaskil, næg lýsing, góðar, skilmerkilegar og upphleyptar merkingar.
- Fólk með heyrnarskerðingu
  - Tónmöskvi, góð hljóðvist, textað sjónvarpsefni
- Fólk með astma og ofnæmi
  - Ekki ofnæmisvaldandi efni í byggingum
- Fólk með þroskahömlun
  - Einfalt skipulag, auðskiljanlegar leiðbeiningar

• Aðrir hópar sem kunna að þurfa aðlögun af ýmsum toga...



# Mat á algildri hönnun

- Það er mýta að algild hönnun tryggi aðgengilegt samfélag fyrir alla
  - Vegna þess hve margbreytileikinn er mikill og hindranirnar mismunandi þá er þörf fyrir margs konar lausnir og vinnulag
- Algild hönnun tryggir ekki fulla þátttöku allra
  - En möguleikar margra til að taka virkan þátt á ólíkum sviðum samfélagsins aukast til muna með algildri hönnun



# Tæknin er nauðsynleg en ekki nægjanleg

- Innleiðing algildrar hönnunar verður að fela í sér breytt hugarfar, aukna þekkingu og heildræna sýn til að koma til móts við mannlegan margbreytileika
  - svo sem þekkingu á félagslegu rými og þeim hindrunum sem þar er að finna
- Algild hönnun er grunduð í persónulegri reynslu fólk



# Aðgengi hefur bæði efnislegar og huglægar víddir

*Kona sem ferðast um í hjólastól er á leið inn í strætisvagn. Hún hallar sér aftur í stólnum til að lyfta upp framhjólunum, en fer of langt þannig að hún dettur aftur fyrir sig. Þetta vekur henni angist og óhug og verður til þess að hún veigrar sér við því að nýta strætisvagn til að fara ferða sinna.*



# Algild hönnun felur í sér þekkingu af ólíkum toga

## Fræðileg þekking

Þekking og viðurkenning á því að fólk er ólíkt og býr við breytilega færni.

Þekking og viðurkenning á því hvað þetta felur í sér í lýðræðislegum og pólitískum skilningi.

## Tækniþekking

Þekking á því hvernig stjórnvöld geta stuðlað að samfélagsþátttöku sem flestra einstaklinga og hópa - t.d. með því að þróa og nýta viðeigandi tæknilausnir, staðla, skipulag og þjónustu.

## Hagnýt þekking

Skilningur, viðhorf og þekking í þverfaglegu samhengi þar sem algild hönnun er höfð að leiðarljósi við ákveðin úrlausnarefni í reynd.



# Algild hönnun á ólíkum stigum

| Makróstig                                                               | Mesóstig                                                          | Mikróstig                                                                        |
|-------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|
| Siðfræði, gildi og sýn á einstaklinginn.                                | Tæknilausnir, reglugerðir, þjónusta og staðlar.                   | Einstaklingssýn, viðurkenning á og upplifun af gæðum, aðgengileika og notagildi. |
| Algild hönnun sem yfirlýst stefna, rammalöggjöf og opinber stefnumótun. | Algild hönnun túlkuð og metin út frá (sér)þörfum tiltekinna hópa. | Ólík notendasýn. Ekki algild hönnun í eiginlegum skilningi.                      |





# Hindranir tengdar viðhorfum og stuðningi

*„Ég þurfti að fara á mínum eigin bíl í skólavettvangsferð um daginn sko, af því að kennarinn pantaði ekki rútu sem tók hjólastól... hún er náttúrulega að fara með nemendurna í rútuna og benda á hitt og þetta og ég bara keyri á eftir og veit ekki neitt”*





# Nordic Charter on Universal Design

- Norræn yfirlýsing um mikilvægi algildrar hönnunar (2012)
- Áhersla á mannréttindi og fjölbreytileika
- Sjö áhersluatriði höfð að leiðarljósi
  - Að öðlast og ná þátttöku og valdeflingu í gegnum algilda hönnun
  - Að leggja áherslu á mikilvægi fjölbreytileika í samfélaginu í gegnum algilda hönnun
  - Að tryggja að yfirföld taki ábyrgð á og stuðli að algildri hönnun í stefnumótun og verklagi
  - Að hvetja til samstarfs þvert á fagsvið og -greinar til að tryggja umhverfisvænar, sjálfbærar og hagkvæmar lausnir sem byggja á algildri hönnun
  - Að skapa og stuðla að nýbreytni í gegnum algilda hönnun
  - Að auka skilning á mikilvægi algildrar hönnunar í samfélaginu.



# Algild hönnun - Noregur

- Málefnið heyrir undir Delta setrið sem er hluti af Barna-, unglinga-, og fjölskylduráðuneytinu
- Áhersla á þátttöku og aðgengi fatlaðs fólks til jafns við aðra þjóðfélagshópa
- Stuðla að því að aðgengismál séu í brennidepli og að stefnu stjórnvalda sé fylgt eftir
  - Greina fatlandi hindranir og sýna fram á hvernig hægt sé að draga úr þeim eða fjarlægja þær
  - Koma í veg fyrir nýjar hindranir
  - Þróa þekkingu og veita ráð um gott aðgengi
  - Veita þrýsting á viðeigandi stjórnvöld og stofnanir
  - Sýna fram á þörf fyrir þverfaglega samvinnu
- Þróa og taka þátt í samvinnu um málefnið á innlendum og erlendum vettvangi



# Algild hönnun - Svíþjóð

- Handisam stofnunin í Stokkhólmi
  - Samþætting málefna sem varða fatlað fólk
  - Mannréttindi í forgrunni
  - Unnið út frá Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks
- Áhersla á hagnýtar upplýsingar til ólíkra aðila
  - Stjórnvöld
  - Sveitarfélög
  - Samtök, stofnanir og fyrirtæki



# Staðan hér á landi

- Málefnið heyrir undir þrjú ráðuneyti
  - Umhverfisráðuneytið
    - Skipulagsstofnun og mannvirkjastofnun
  - Velferðarmálaráðuneytið
    - Opinber stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.
    - Samráð skal haft við heildarsamtök fatlaðs fólks og aðildarfélög þeirra
  - Innanríkisráðuneytið
    - Eftirlit með mannréttindaskuldbindingum



# Þörf fyrir þverfaglega nálgun

- Umræða, þekkingarmiðlun og samvinna þvert á fagsvið, fræði og greinar.
- Skipulag og tækni
- Þekking á manneskjunni, á skipulagi velferðarþjónustu og á endurhæfingarferlinu
- Þekking, reynsla og forgangsröðun notenda
  - Þannig að tekið sé á því sem máli skiptir fyrir notendur
  - Þátttaka notenda í skipulagsferlinu
- Huga vel að samvinnuferlinu
  - Gott skipulag og virðing fyrir þekkingu annarra



# Meginheimildir

- Imrie, R. (2012). Universalism, universal design and equitable access to the built environment. *Disability and Rehabilitation*, 34, 873-882.
- Lid, I. M. (2013). *Universell utforming: Verdigrunnlag, kunnskap og praksis*. Oslo: Cappelen Damm Akademisk.
- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og Alþjóðabankinn (2011) *Alþjóðaskýrslan um fötlun*.
- Sameinuðu þjóðirnar (2006). *Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks*.